



Alþingi, allsherjar- og
menntamálanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, þriðjudagur, 28. febrúar 2024
Tilvísun: 2024010020

Efni: Umsögn Barna- og fjölskyldustofu um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum (réttur til umönnunar) 132. mál.

Barna- og fjölskyldustofa vísar til erindis frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis, dags. 22. febrúar sl., þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa nefndinni umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum (réttur til umönnunar) 132. mál.

Þakkar Barna- og fjölskyldustofa fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um frumvarpið.

Barna- og fjölskyldustofa telur það vera skref í rétta átt að lagt sé til að kveðið sé sérstaklega á um það í barnalögum að í forsjárskyldu felist að veikt eða slasað barn eigi rétt á umönnun foreldra sinna. Jafnframt að skipaður verði starfshópur sem mun rýna stöðu langveikra og slasaðra barna og þá sérstaklega rétt þeirra til umönnunar og stuðnings foreldra. Fagnar stofan því að það verði tekið til sérstakrar skoðunar að hvert barn njóti einstaklingsbundins réttar til umönnunar foreldra í kjölfar slyss eða veikinda, í stað þess að miðað sé við tiltekinn fjölda daga fyrir hvert foreldri, óháð fjölda barna.

Barna – og fjölskyldustofa telur þó rétt að vekja athygli nefndarinnar á stöðu fósturforeldra og fósturbarna í þessu samhengi. Sér í lagi þegar um ræðir að barn er í varanlegu fóstri. Í 2. mgr. 65. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 kemur fram að fóstur geti verið tvenns konar, varanlegt eða tímabundið. Með varanlegu fóstri er átt við að það haldist þar til forsjárskyldur falla niður samkvæmt lögum. Fara fósturforeldrar þá að jafnaði með forsjárskyldur nema annað þyki betur henta þörfum barns og hagsmunum að mati barnaverndarþjónustu. Af þessu verður ráðið að fósturforeldrar barna í varanlegu fóstri hafa að miklu leyti sömu stöðu gagnvart barni og forsjárforeldrar og sjá að jafnaði um alla daglega umsjá og umönnun barns þar til það verður lögráða. Það er hins vegar ekki skilgreint með skýrum hætti í lögum hver réttarstaða fósturforeldra og fósturbarns er ef til veikinda eða slysa barnanna kemur. Því telur stofan rétt

að staða fósturforeldra og fósturbarna verði sérstaklega tekin til skoðunar í starfshópnum og réttindi þeirra skýrð er varðar umönnun slasaðs eða veiks fósturbarns.

Barna- og fjölskyldustofa veitir allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar sé þess óskað.


f.h. Barna- og fjölskyldustofu
Unnur Agnes Jónsdóttir



Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar um frumvarp til laga um barnalög (réttur til umönnunar), 132. mál

4. mars 2024

Landssamtökin Þroskahjálpar vinna að réttinda- og hagsmunamálum fatlaðs fólks, með sérstaka áherslu á fötluð börn og fólk með þroskahömlun. Samtökin byggja stefnu sína á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og öðrum fjölþjóðlegum mannréttindasamningum, sem og á heimsmarkmiðum SP.

Landssamtökin Þroskahjálpar styðja þau sjónarmið sem fram koma í frumvarpinu og taka undir mikilvægi þess að rétturinn til umönnunar sé sjálfstæður réttur barns fremur en eingöngu réttur foreldra sem ræðst af ráðningarsambandi þeirra við vinnuveitendur. Slík breyting tæki með augljósum hætti ríkari mið af því sem er barni fyrir bestu, líkt og barnasáttmáli SP og samningur SP um réttindi fatlaðs fólks kveða á um. Í 7. gr. samningsins segir: „Í öllum aðgerðum, sem snerta fötluð börn, skal fyrst og fremst hafa það að leiðarljósi sem er viðkomandi barni fyrir bestu.“

Sjálfstæður réttur barns til umönnunar vegna veikinda eða slysa væri afar mikilvægur fötluðum börnum, sem glíma við heilsubrest eða veikindi.

Landssamtökin Þroskahjálpar styðja því heils hugar að frumvarpið verði samþykkt.

Samtökin benda einnig á að afar mikilvægt er að í íslensk lög verði sem fyrst tekin skýr ákvæði, sem banna mismunun vegna tengsla (e. discrimination by association), s.s. við fatlaða einstaklinga en mikil hætta er á mismunun af því tagi gagnvart aðstandendum fatlaðra barna almennt og sérstaklega á vinnumarkaði þar sem þeir njóta ekki viðeigandi aðlögunar. Þannig mismunun er algengust gagnvart konum, sem annast umönnun barna og annarra ættingja í mun ríkari mæli en karlar, eins og rannsóknir sýna.

Samtökin lýsa miklum vilja og áhuga til samráðs varðandi það mál sem hér er til umsagnar og vísa í því sambandi til samráðsskyldu stjórnvalda, sem er áréttuð sérstaklega í 3. gr. 4. gr. samnings SP um réttindi fatlaðs fólks, sem hljóðar svo:

Við þróun og innleiðingu löggjafar og stefnu við innleiðingu samnings þessa og við annað ákvörðunartökufurli varðandi málefni fatlaðs fólks, skulu aðildarríkin hafa náíð samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, þar á meðal fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.

Landssamtökir

Háaleitisbraut 13 · 108 Reykjavík

Sími 588 9390 · throskahjalp@throskahjalp.is

www.throskahjalp.is

Virðingarfyllst.

Unnur Helga Óttarsdóttir, formaður Þroskahjálpar

Anna Lára Steindal, verkefnastjóri hjá Þroskahjálp

Katarzyna Kubiś, verkefnastjóri hjá Þroskahjálp

Lúðvík Júlíusson
Hraunbær 58
110 Reykjavík

Alþingi – nefndasvið
b.t. Allsherjar- og menntamálanefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík 7. mars 2024

Efni: Mál 132. Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003 (réttur til umönnunar)

Í frumvarpinu er lagt til að við 2. mgr. 28. gr. barnalaga (76/2003) bætist við nýr málslíður: **Veikt eða slasað barn skal eiga rétt á umönnun foreldra.**

Í frumvarpið vantar umfjöllun um, eða skilgreiningu á, hvað teljist foreldrar, um verkaskiptingu foreldra og hlutverk annarra sem annast barn án þess þó að þeir teljast foreldri í skilningi laganna. Ekkert er fjallað um fjölskyldumynstur samtímans þar sem foreldrar barna vinna vel saman þó þeir búi ekki saman.

Í framkvæmd leik- og grunnskólalaga og farsældarlaganna þá er hugtakið foreldri oftast skilgreint sem það foreldri sem hefur lögheimili barnsins. Á sama skilgreining við í þessu frumvarpi? Það er gríðarlega mikilvægt að fjallað sé með skýrum hætti um réttindi barns þegar það geta allt að fjórir einstaklingar talist foreldrar eða umönnunaraðilar þess, búi foreldrar þess ekki saman.

Hvað verður um réttindi þess foreldris sem er ekki með lögheimili barnsins, mun hann allur færast á lögheimilisforeldrið? Miðað við aðrar umsagnir þá eru miklar líkur á að ef foreldrar búa ekki saman, að þá munu réttindi (og skyldur) færast á herðar lögheimilisforeldrisins. Hitt foreldrið, stjúpforeldri og aðrir sem sinna umönnun barnsins munu þurfa að þola skert réttindi. Barn mun því ekki í framkvæmd eiga rétt á umönnun foreldra sinna.

Í lögum 38/2018 (lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir) ná hugtökin „fjölskylda“ og „foreldrar“ aðeins til þess foreldris sem hefur lögheimili barns¹. Til að tryggja að þjónusta næði til beggja foreldra barnsins, ef þeir búa ekki saman, þurfti nýlega að breyta lögum um félagsþjónustu(40/1991) og áréttu að þjónustu ætti að veita foreldrum sem hafa börn á framfæri, án tillits til lögheimilis barnsins². Samskonar breytingar hafa ekki verið gerðar á öðrum lögum, t.d. farsældarlögum(86/2021)³, leikskólalögum(90/2008)⁴ eða grunnskólalögum(91/2008)⁵.

Nýlega fjallaði Umboðsmaður Alþingis um það í bréfi að réttur foreldris til að eiga í eðlilegum samskiptum við skóla væri ekki til staðar ef foreldrið hefði ekki lögheimili barnsins. Réttur foreldra til að eiga í beinum, milliliðalausum samskiptum og fá tímabærar upplýsingar væri einungis hjá því foreldri sem hefði lögum samkvæmt rétt til að taka afgerandi ákvarðanir um daglegt líf barnsins, sem er einungis í höndum lögheimilisforeldris.⁶

Ég legg til að áhrif frumvarpsins verði greind miklu betur, að litið sé með víðari hætti á réttindi barnsins og að lögin að óbreyttu verði ekki samþykkt.

¹ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2018038.html>

² <https://www.althingi.is/altext/stjt/2022.078.html>

³ <https://www.althingi.is/altext/151/s/1723.html>

⁴ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html>

⁵ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html>

⁶ <https://www.umbodsmadur.is/alit-og-bref/mal/nr/9053/skoda/mal>

Ég er tilbúinn að útskýra umsögn mína betur og mæta á fund allsherjar- og menntamálanefndar til að svara öllum þeim spurningum sem þið kunnið að hafa.

Í lögum

Kveðja,

Lúðvík Júlíusson

Lúðvík Júlíusson
Hraunbær 58
110 Reykjavík

Alþingi – nefndasvið
b.t. Allsherjar- og menntamálanefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík 8. mars 2024

Efni: Viðbótarumsögn um mál 132. Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003 (réttur til umönnunar)

Þann 5. mars s.l. var niðurstaða rannsóknar Vörðu rannsóknarstofnunar vinnu- og atvikaáhrifa um fjárhagsstöðu launafólks kynnt¹. Kynningin fór fram í Þjóðmenningarhúsinu og í kjölfarið fóru fram umræður um niðurstöður hennar². Niðurstöður rannsóknarinnar gefa góða vísbendingu um flækjustigið sem ákvæði um rétt til umönnunar geta leitt til.

Hagstofan birtir upplýsingar um fjölda einstaklinga í kjarnafjölskyldum og hlutfall þeirra. Heildarfjöldi einstaklinga í kjarnafjölskyldum árið 2023 er 165.622. Af þeim þá eru 11.079 (6,69%) einhleypar mæður en 1.655 (1,00%) einhleyfir feður.³

Rannsókn Vörðu gefur aðra mynd af fjölskyldugerðum en Hagstofan. Ástæður geta verið margar, t.d. félagslegar og lýðfræðilegar. Eitt atriði er þó mikilvægt að skoða en það er fjöldi einhleypra foreldra. Í rannsókn Vörðu, þá segjast 5,56% vera einhleyfir feður en 8,24% einhleypar mæður. **Hlutfall einhleypra mæðra í úrtaki Vörðu er 23,2% hærra en hjá Hagstofunni. Hlutfall einhleypra feðra en hins vegar 5,56% sem er 456,6% hærra en hjá Hagstofunni.**

Ástæðan er sú að Hagstofan birtir upplýsingar um hvar börn eiga lögheimili en rannsókn Vörðu sýnir hvaða einstaklingar hafa barn á framfæri og sinna barni/börnum án tillits til þess hvar barn á lögheimili. **Raunverulegt hlutfall einhleypra feðra er því stórlega vanmetið.**

Rannsókn Vörðu sýnir vel hversu litlar upplýsingar Hagstofan og Skatturinn hafa um raunverulega stöðu og fjárhagsstöðu barna og foreldra.

Rannsókn Vörðu sýnir að feður taka mikinn þátt í umönnun barna. Rannsóknin sýnir vel að **ef réttindi til umönnunar takmarkast við lögheimili barns að þá munu þúsundir barna og foreldra lenda í miklum vandamálum og umönnunarbyrði kvenna mun aukast verulega.**

Ég hef oft bent á nauðsyn þess að kortleggja stöðu barna og foreldra. Rannsókn Vörðu sýnir að þessi kortlagning verður að eiga sér stað fyrr en síðar.

Ég er tilbúinn að útskýra umsögn mína betur og mæta á fund allsherjar- og menntamálanefndar til að svara öllum þeim spurningum sem þið kunið að hafa.

Kveðja,

Lúðvík Júlíusson

¹ <https://www.rannvinn.is/post/fj%C3%A1rhagssta%C3%B0a-launf%C3%B3lk-svipu%C3%B0-n%C3%BA-og-fyrir-%C3%A1ri-s%C3%AD%C3%B0an-en-breg%C3%B0ast-%C3%BEarf-vi%C3%B0-st%C3%B6%C3%B0u-barnaf%C3%B3lk-og-innf>

² https://www.mbl.is/frettir/innlent/2024/03/05/beint_stada_launafolks_a_islandi/

³ <https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/fjolskyldan/fjolskyldan/>



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. febrúar 2024.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003 (réttur til umönnunar), þskj. 132, 132. mál

Mannréttindaskrifstofa Íslands styður framangreint frumvarp og tekur undir það er í greinargerð með frumvarpinu segir að með því að mæla fyrir um þennan sjálfstæða rétt barnsins til umönnunar sé gert ráð fyrir að búið verði svo um hnútana á vinnumarkaði að rétturinn verði virtur þannig að hverju og einu barni verði tryggður þessi réttur. Þannig verði ekki lengur litið á þennan rétt sem rétt foreldris eða þess sem fer með forsjána heldur barnsins sjálfs.

Framangreint samræmist mun betur sjónarmiðum samnings Sameinuðu þjóðanna (Sp) um réttindi barnsins og samningi Sp um réttindi fatlaðs fólks, en báðir hafa það sem meginstef að ætíð skuli hafa það að leiðarljósi sem barni er fyrir bestu. Vert að er að minna á að Barnaréttarnefnd Sp hefur sent frá sér viðmið um til hvers beri að líta þegar fram fer mat á því sem barni er fyrir bestu.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri



Reykjavík 7. mars 2024

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003

Til umsagnar er frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003 sem kveður á um rétt til að annast veikt eða slasað barn. Við 2. mgr. 28. gr. laganna bætist nýr málslíður. Veikt eða slasað barn skal eiga rétt á umönnun foreldra.

Neistinn, styrktarfélag hjartveikra barna fagnar þessari viðbót. Um er að ræða gríðarlega mikilvægt hagsmunarmál fyrir öll born í landinu og sérstaklega langveik börn. Eins og staðan er í dag standa þau börn ekki jafnvíg þegar kemur að umönnun þeirra.

Sem dæmi má nefna að í dag getur einkabarn tveggja foreldra á vinnumarkaði notið umönnunar foreldra sinna samtals 24 veikindadaga á ári. En hins vegar barn einstæðs foreldris sem hluti er af þriggja barna systkinahópi aðeins notið umönnunar foreldris 4 daga á ári, að því gefnu að öll veikist bornin eitthvað á hverju ári. Því miður spyrja veikindi barna ekki um stöðu heima fyrir áður en þau banka upp á. Því er brýnt að þetta sé leiðrétt og veikindadagar barna fylgi hverju og einu barni, enda ætti réttur hvers barns til umönnunar foreldris að ver sá sami óháð systkinafjölda.

Neistinn vill um leið ítreka áður fram komna og ósk um að breytingar verði gerðar á þeirri almennu reglu að réttur foreldra til að vera heim með veiku barni gildi fram að 13 ára aldri. Börn eru börn fram að 18 ári samkvæmt lögum. Langveik börn eiga mörg hver erfitt að vera ein heima eftir 13 ára aldur þótt að heilbrigð börn geti það mörg hver.

Þykir okkur því eðlilegt og brýnt að miðað sé við að öllum þeim börnum sem eru með umönnunargreiðslur og kort fylgi veikindaréttur til 18 ára aldurs og með því sé börnum með sérþarfir tryggður réttur til umönnunar foreldra sinna í veikindum.

Fyrir hönd Neistans, styrktarfélags hjartveikra barna

Fríða Björk Arnardóttir, framkvæmdarstjóri

Reykjavík 7. mars 2024

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr.76/2003

Til umsagnar er frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr.76/2003 sem kveður á um rétt til að annast veikt eða slasað barn. Við 2.mgr. 28.gr. laganna bætist nýr málslíður: Veikt eða slasað barn skal eiga rétt á umönnun foreldra.

Umhyggja – félag langveikra barna fagnar þessari viðbót og þeirri áherslubreytingu að rétturinn sé barnsins, frekar en foreldranna, að njóta umönnunar í kjölfar veikinda eða slysa. Um er að ræða mikilvægt hagsmunamál fyrir öll börn í landinu og ekki síst þau sem glíma við langvinn veikindi. Í núverandi fyrirkomulagi standa börn sannarlega ekki jafnvíg þegar kemur að möguleikum þeirra til að njóta umönnunar foreldra eða forráðamanna, þar sem fjöldi barna í fjölskyldu hefur áhrif á það hversu marga daga foreldri getur verið heima með hverju veiku barni án þess að verða fyrir tekjuskerðingu. Sem dæmi má nefna að í dag getur einkabarn tveggja foreldra á vinnumarkaði notið umönnunar foreldra sinna samtals 24 veikindadaga á ári. Hins vegar getur barn einstæðs foreldris á vinnumarkaði sem er hluti af þriggja barna systkinahópi aðeins notið umönnunar foreldris í 4 daga á ári, að því gefnu að öll veikist börnin eitthvað á hverju ári. Því miður spyrja veirur og bakteríur ekki um stöðu heima fyrir áður en þær taka sér bólfestu í barni. Því er brýnt að þetta sé leiðrétt og veikindadagar barna fylgi hverju og einu barni, enda ætti réttur hvers barns til umönnunar foreldris að vera sá sami óháð systkinafjölda.

Umhyggja vill um leið ítreka áður fram komna og eindregna ósk um að breytingar verði gerðar á þeirri almennu reglu að réttur foreldra til að vera heima með veiku barni gildi aðeins fyrir börn fram að 13 ára aldri. Börn eru börn fram að 18 ára aldri samkvæmt lögum. Vissulega má færa rök fyrir því að heilbrigð börn sem veikjast af umgangspæstum geti í flestum tilvikum verið ein heima séu þau orðin eldri en 13 ára. Í tilvikum barna með langvinna sjúkdóma, fatlanir eða stuðningsþarfir á þetta hins vegar ekki við. Það gefur auga leið að börn sem hafa meiri stuðningsþarfir en gerist og gengur hætta ekki að þurfa á slíkum stuðningi að halda í veikindum sínum daginn sem þau verða 13 ára. Sem dæmi má nefna að vandkvæði t.d. barna með sykursýki aukast mjög oft þegar þau ná unglingsaldri, einmitt vegna breytinga í hormónakerfum líkamans, þannig að barn sem er 13-14 ára getur þurft meiri aðstoð í veikindum en barn sem er 11 ára. Þykir okkur því eðlilegt og brýnt að miðað sé við að öllum þeim börnum sem eru með umönnunargreiðslur fylgi veikindaréttur til 18 ára aldurs og með því sé börnum með sérþarfir tryggður rétturinn til umönnunar foreldra sinna í veikindum.

Umhyggja – félag langveikra barna áréttar einlægan áhuga og vilja til samráðs í málinu og er tilbúið að koma að því á öllum stigum í framhaldinu.

Fyrir hönd Umhyggju – félags langveikra barna,

Árný Ingvarsdóttir, framkvæmdastjóri

